

**Fundargerð**  
**341. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,**  
**haldinn 17. maí 2017, kl 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

**Fundarritun annaðist:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá:**

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Fulltrúaðing SLFÍ yfirfarið
  - Vinna með stefnu félagsins sem samþykkt var á þinginu
  - Uppfærsla á lögum og reglugerð SLFÍ í takt við ákvörðun þingsins
  - Fundargerð þingsins
4. Ákvarðanir um dagsetningar haustfunda félagsins
  - [Sjá fylgiskjal](#)
5. Júníblað Sjúkraliðans
6. Menntamál

**Önnur mál**

**Dagskrá:**

1. Fundur settur  
Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð alla velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar  
Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.
3. Fulltrúaðing SLFÍ yfirfarið
  - Farið var yfir hvernig þingið gekk fyrir sig. Fram kom að ákveðnir hnökrar hafi verið á gangi þingsins, að einhverju leyti vegna þeirrar nýbreytni að þingið var að mestu rafrænt. Allir sammála því að það sé framtíðin, en það geri þá kröfu að gögn séu skipulega uppsett þannig að aðgengi sé auðvelt. Einnig var farið yfir stjórn þingsins og það rætt að skipulagið hefði getið verið betra og nauðsynlegt væri að undirbúa forseta með góðum fyrirvara. Starf nefndanna gekk mjög vel og hafði góð áhrif á þátttöku þingfulltrúa.

- Rætt var um hvort starfsnefndir félagsins tækju til skoðunar, vinnslu og eftirfylgni ákveðnar viðeigandi áherslur í stefnu SLFÍ, sem mörkuð var og samþykkt á 26. þingi SLFÍ. Mikil umræða var um málið og ákveðið að stefnumálin flest eigi heima undir Kjaramálanefnd og Menntanefnd/Fræðslunefnd, en síðan gætu nefndirnar skipt með sér verkum/verkefnum. Nefndirnar rýna enn frekar og skoða hvort skipa eigi sértæka starfshópa.
- Rætt var um þær breytingar á lögum og reglugerð félagsins sem ákveðnar voru á þinginu og fyrra þingi og KÁG, GÖG falið að uppfæra í takt við ákvarðaðar breytingar.
- Fundargerð þingsins rædd og fram kom að ritara ljúki störfum fyrir 19. maí.
- Gæta að því að ársskýrslan fari inn á heimasíðu SLFÍ.

#### 4. Ákvarðanir um dagsetningar haustfunda félagsins

- Framkvæmdastjórnarfundir verða 31. maí og 23. ágúst, en kallað verður til fleiri funda ef ástæða er til. Fundir í framhaldi af því verða samkvæmt plani og hefjast 6. september.
- Félagsstjórnafundur haustsins verður 11. október.
- Trúnaðarmannaráð verður 12. október.
- Rætt var um að halda ráðstefnu um hjúkrun/þjónustu við aldraða í nóvember. Hugmynd um að ráðstefnan verði í tengslum við Evrópuþag sjúkraliða 26. nóvember, en verður skoðað nánar.

#### 5. Júníblað Sjúkraliðans

GÖG fór yfir helstu efnistöð og voru þau rædd. Fram kom að viðtal verði við Þórólf Matthíasson um íslenska samningslíkanið og samanburð á því við þau á Norðurlöndunum.

#### 6. Menntamál

KÁG gerði grein fyrir þeim jákvæðum tíðindum að stjórnendur Háskólans á Akureyri hafi lýst yfir samstarfsvilja um framhaldsnám sjúkraliða á Fagháskólastigi.

#### Önnur mál

- Rætt var um væntanlega umsókn utanfélagsmanns sem kominn er á ellilífeyri, en hefur aldrei sóst eftir að vera í félaginu. Málið verður rætt nánar þegar/ef umsókn berst.
- KÓ fór yfir kynningu á Bjarkarhlíð og þeirri þjónustu sem verður þar, en hún er byggð á erlendri fyrirmynd. Bjarkarhlíð þjónustar alla þá sem orðið hafa fyrir ofbeldi.

Fundi slitið kl. 17.00